

## Skýringar, leiðréttingar og breytingar á útboðsgögnum ásamt fyrirspurnum og svörum í útboði nr. 14796 Bað- og salernishjálpartæki

Síðasti dagur til þess að leggja inn fyrirspurnir eða athugasemdir er  
01.02.2010. Fyrirspurnum sem berast eftir þann tíma er ekki svarað.  
Opnun tilboða er 9. febrúar 2010 kl. 11:00.

---

### Fyrirspurnir og svör birt á vef:

25. janúar 2010 – nýjar fyrirspurnir og svör nr. 3 – 4, ásamt þeim sem  
fyrir voru

6. janúar 2010 – nýjar fyrirspurnir og svör nr. 1 – 2

---

#### Fyrirspurn 3:

Á bls. 5 í útboðsgögnum kemur fram að ekki sé óskað eftir sýnishornum við opnun  
útboðs. Krafa er gerð af hálfu kaupanda um að seljandi skuli afhenda þau innan 14  
daga frá því að slík ósk kemur fram.

#### 3. a)

Hvað með umfangsmikil og dýr tæki svo sem og skiptiborð og baðbekki sem  
Hjálpartækjamiðstöðin hefur keypt áður, er nauðsynlegt (krafa) að hafa slík sýnishorn  
til staðar?

#### Svar 3 a):

Verði óskað eftir sýnishornum af skiptiborði og/eða baðbekk frá bjóðanda skal hann  
afhenda þau innan 14 daga frá því að slík ósk kemur fram, þar sem hvorki er hægt  
að ganga að því vísu að boðnar vörur sem hafa verið keyptar áður séu til á lager hjá  
Hjálpartækjamiðstöðinni þegar faglegt mat á tilboðum fer fram, né að þekking  
sérfræðingahóps SÍ sé á boðnum vörum.

#### 3. b)

Ef seljandi hefur selt tæki svo sem veggfast skiptiborð til annars aðila en  
Hjálpartækjamiðstöðvar, þar sem möguleiki væri á að skoða það. Er það talið  
nægjanlegt og samþykkt af hálfu kaupanda að seljandi sýni tækið annars staðar en í  
Hjálpartækjamiðstöðinni eða húsakynnum SÍ?

#### Svar 3.b):

Sérfræðingahópur SÍ ásamt ráðgjafahóp tekur þátt í faglegu mati á boðnum vörum og  
ekki er talið nægjanlegt að seljandi sýni tækið annars staðar en í  
Hjálpartækjamiðstöðinni eða húsakynnum SÍ, ef óskað er eftir sýnishorni af boðinni  
vöru. Sérfræðingahópur SÍ er þó tilbúinn að skoða einstök tilvik með það í huga hvort  
bregður verður frá þessari reglu.



**Fyrirspurn 4:**

Gerðar eru kröfur í gögnum liður 1.2.7 bls. 10 um hámarks afhendingartíma 3 vikur og ef hann stenst ekki þá geta SÍ samþykkt í sérstökum tilvikum lengri afhendingartíma að fenginni rökstuddri greinargerð. Hvað ef seljandi getur ekki afhent tæki á svo stuttum tíma – er í lagi að geta þess í texta í útboðsgögnum? Þetta á frekar við um stór og sérpöntuð tæki sem eru keypt í mjög litlu magni af SÍ, saman ber sturtuborð og skiptiborð.

**Svar 4:**

Afhendingartími skal almennt vera að hámarki 3 vikur frá móttöku formlegs samþykkis SÍ, en í sérstökum tilvikum geta SÍ samþykkt lengri afhendingartíma að fenginni rökstuddri greinargerð frá seljanda. Ef bjóðandi getur ekki afhent boðin tæki innan 3 vikna, skal rökstudd greinargerð fylgja með tilboðinu.

**6. janúar 2010****Fyrirspurn 1:**

Hvar á að nota þennan búnað?  
Í heimahúsum eða á stofnunum.

**Svar 1:**

Í heimahúsum. Sjúkratryggingar Íslands greiða styrki vegna hjálpartækja til að auðvelda einstaklingum að takast á við athafnir daglegs lífs í heimahúsum og/eða sambýlum.

**Fyrirspurn 2:**

Getur hentað fyrir þetta útboð að bjóða lyftibaðkör rafknúin.

**Svar 2:**

Það er ekki óskað eftir tilboðum í rafknúin lyftibaðkör sbr. grein 0.1 Listi yfir boðna vöruflokka. Reglugerð um styrki vegna hjálpartækja heimilar ekki styrki til greiðslu á rafknúnum baðkörum.

Virðingarfyllst  
F.h. Ríkiskaupa



A. Katrín Arnórsdóttir, Verkefnastjóri



RÍKISKAUP